AUGLÝSING

um nýtt fasteignamat.

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, hefur yfirfasteignamatsnefnd ákveðið framreiknistuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins til 1. nóvember s.l. Nefndin hefur ákveðið framreikning á matsverði fasteigna þannig:

a. Matsverð íbúðarhúsalóða, atvinnulóða, atvinnuhúsnæðis, sumarhúsa, hlunninda og bújarða, þ.m.t. íbúðarhús og útihús á bújörðum verði óbreytt og framreiknistuðull samkvæmt því 1,0.
b. Matsverð íbúðarhúsnæðis í einbýli, að undanskildum einbýlishúsum sem talin eru í staflið d og e hér á eftir, verði óbreytt og framreiknistuðull samkvæmt því 1,0.
c. Matsverð íbúðarhúsnæðis í fjölbýli, að undanskildum þeim fjölbýlishúsum sem talin eru í stafliðum d og e hér á eftir, hækki um 2% og framreiknistuðull verði samkvæmt því 1,02.
d. Matsverð íbúðarhúsnæðis í einbýli og fjölbýli á eftirtöldum stöðum hækki um 4%: Mosfellsbæ, Keflavík, Njarðvík, Sandgerði, Sauðárkróki, Ólafsfirði, Dalvík, Neskaupstað, Egilsstöðum, Höfn í Hornafirði, Vestmannaeyjum, Hveragerði og Selfossi og framreiknistuðull verði samkvæmt því 1,04.
e. Matsverð íbúðarhúsnæðis í einbýli og fjölbýli á eftirtöldum stöðum hækki um 8%: Bessastaðahreppi, Grindavík, Vatnsleysustrandarhreppi, Akranesi, Stykkishólmi, Skagaströnd, Hvolshreppi og Rangárvallahreppi og framreiknistuðull verði samkvæmt því 1,08.

Ofangreind hækkun fasteignamats er miðuð við fasteignamatsverð samkvæmt fasteignaskrá þeirri er tók gildi 1. desember 1992 ásamt síðari breytingum gerðum af Fasteignamati ríkisins eða yfirfasteignamatsnefnd.

Á vegum Fasteignamats ríksisins hefur verið samin ný fasteignaskrá, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð samkvæmt þeim framreiknistuðlum sem ákveðnir hafa verið samkvæmt framanskráðu. Hin nýa fasteignaskrá inniheldur einnig þær matsbreytingar sem Fasteignamat ríkisins eða yfirfasteignamatsnefnd hefur gert á einstökum eignum svo sem við endurskoðun á eldra mati og vegna úrskurða á kærum er kunna að hafa leitt til matsbreytinga.

Fjármálaráðherra hefur staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats eins og það hefur verið ákveðið með ofangreindum hætti. Fasteignaskráin mun liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Borgartúni 21, Reykjavík, frá og með 1. desember n.k. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

Með vísun til laga nr. 94/1976 tilkynnir ráðuneytið hér með að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestri skrá Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. desember 1993.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 404 13. nóvember 1992.

Fjármálaráðuneytið, 12. nóvember 1993.

Friðrik Sophusson.

Björn Hafsteinsson.